

**Ed.**

**795. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Háttvirt neðri deild hefir breytt frumv. þessu á þann veg að taka upp aftur tollaukningu á alls konar tóbaki.

Pótt hjer sje um nokkurn tekjuauka að ræða, þá lítur nefndin svo á, að ekki sje fært að hækka tóbakstollinn á þessum tímum. Hækkunin mundi að visu koma niður bæði á rikum og fátækum, en hún yrði mikið tilfinnanlegri fyrir fátæklinga, því að það má ganga út frá því sem visu, að tollhækkunin mundi ekki draga neitt verulega úr tóbaksnautninni. Menn eiga yfirleitt eins erfitt með að neita sjer um tóbak sem marga nauðsynjavöru. Auk þess ber og að líta á það, að eftir því sem tollurinn hækkar, má frekar búast við tollsvikum, sem hingað til hefir kveðið lítið að í landinu.

Nefndin verður því að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þessari

#### BREYTINGU.

Stafliður b. falli niður.

Liðatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 5. september 1917.

H. Hafstein,                      H. Steinsson,  
form.                              skrifari og framsögum.

Guðm. Ólafsson.